

Reykjavík, 26. júní 2017
R17060192
310-2

Borgarráð

ReykjavíkurAkademía - samstarfssamningur 2017

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi við ReykjavíkurAkademíuna fyrir árið 2017. Upphæðin, 2.839.000 kr., greiðist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur, verkefni 09803.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og ReykjavíkurAkademíunnar fyrir árið 2017
Kostnaðaráætlun, Reykjavíkurakademían, dags. 6. júní 2017.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnagötu 11 og ReykjavíkurAkademían ses (hér eftir RA-ses), kt. 500506-0240, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur samningsins er gagnkvæmur ávinningur, þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf RA-ses rannsóknarstofnunar og nýsköpunarsetur í menningar-, hug- og félagsvísindum sem á móti veitir Reykjavíkurborg ráðgjöf og sérfræðiaðstoð um einstök verkefni á þeim sviðum sem RA-ses leggur sérstaka áherslu á og endurspeglar sérþekkingu innan hennar. Reykjavíkurborg styrkir RA-ses í þeim tilgangi að auðga fræða- og menningarstarf og að standa fyrir uppbyggingu sjálfstæðs menningar- og fræðasamfélags í Reykjavík.

2. gr. Samningsverkið

Fjárstyrk Reykjavíkurborgar til RA-ses er ætlað að styrkja starf RA-ses í því skyni að vinna að ofangreindum markmiðum og skal féð árið 2017 notað til að styrkja rannsókn og málþing um umfang og eðli búsetu fólks í ólöglegu húsnæði í Reykjavík:

- Greining á ólöglegri búsetu í Reykjavík með áherslu á orsakir tilkomu hennar og aðstæður, aðbúnað og réttindi íbúa í ólöglegri búsetu, m.a. með tilliti til mansals og réttinda verkafólks. Uppruni íbúa í ólöglegu atvinnuhúsnæði verði greindur og kjör þeirra hér á landi áætluð og borin saman við stöðu Íslendinga sem einnig búa í ólöglegri búsetu. Eftir atvikum samanburður við nærliggjandi sveitarfélög. Þá verði áhrif starfsmannaleiga greind. Gerðar verði tillögur til úrbóta á grundvelli greiningarinnar eftir því sem við á.
- Málþing um ólöglega búsetu í Reykjavík sem haldið verður í samstarfi RA-ses og Reykjavíkurborgar haustið 2017. RA hafi það hlutverk að hafa umsjón með málþinginu, sbr. kostnaðaráætlun í fylgiskjali, og fá til þess aðkomu fleiri aðila, á borð við SHS og verkalyðshreyfinguna.

3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samningur þessi gildir fyrir árið 2017 og greiðir Reykjavíkurborg RA-ses kr. 2.839.000 fyrir framangreinda þjónustu, sbr. kostnaðaráætlun í fylgiskjali 1. Greiðslur fara fram 15. ágúst 2017 kr. 1.500.000 og 15. október 2016 kr. 1.339.000 gegn framvísun reikninga. Reikningar skulu stílaðir á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn RA-ses, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirframáprentuðu númeri nema RA-ses hafi hlotið undanþágu frá því.

4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri RA-ses sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu starfsári fyrir árið 2017 skal RA-ses skila árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs. Skil eru síðasta lagi 1. maí 2018. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

Stefnt er að samráðsfundum samningsaðila tvisvar á árinu, þ.e. í apríl og nóvember 2017. Þar verður farið yfir framkvæmd samningsins og einstakra verkefna.

RA-ses skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. RA-ses skal í kynningum á styrktum verkefnum geta þess að þau séu styrkt af Reykjavíkurborg.

6. gr. Eignarréttur, höfundarréttur og trúnaður

Reykjavíkurborg er eigandi gagna sem til verða við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem á höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Sama gildir um annað það sem aðilar verða áskynja um meðan á samstarfinu stendur eða það sem leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum Persónuverndar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok.

7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu RA-ses. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur til RA-ses eða rifta samningnum. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í

öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Framsal

RA er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [Dags.]

F.h. ReykjavíkurAkademíunnar ses

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn

kt.

Nafn

kt.


Ólögleg búseta í atvinnuhúsnæði í Reykjavík og víðar á höfuðborgarsvæðinu

ReykjavíkurAkademían vinnur nú að undirbúningi verkefnis um fasta búsetu fólks í atvinnuhúsnæði í Reykjavík og jafnvel á höfuðborgarsvæðinu öllu. Á næstu vikum er ætlunin að safna sem víðtækustum gögnum og upplýsingum um viðfangsefnið og setja saman í heildstæðan gagnagrunn í samstarfi við lykilaðila (sjá nánar síðar í skjalinu). Með haustinu er stefnt á að halda málþing með Reykjavíkurborg og samstarfsaðilum þar sem helstu afurðir verða kynntar og staða verkefnisins metin. Í kjölfarið mun ReykjavíkurAkademían vinna áfram að veigamestu verkþáttunum í nánú samstarfi við hagsmunaaðila á vettvangi og hvetja til birtinga á niðurstöðum verkefnisins innanlands og erlendis.

Vandinn í hnotskurn

Vaxandi búseta í atvinnuhúsnæði og atvinnuhverfum skýrist mjög af efnahagsþróun undanfarinna ára. Eftir efnahagssamdráttinn sem fylgdi bankahruninu 2008 er íslenska hagkerfið komið inn í nýtt þensluskeið. Vaxtastigið er miklu hærra en í nágrannalöndunum, sem virðist þó lítið slá á þensluna. Þrátt fyrir þenslu er verðbólga enn mjög lítil, sem skýrist bæði af lækkanði eldsneytisverði og vaxandi styrk krónunnar, einkum vegna mikillar fjölgunar ferðamanna til landsins.

Mynd 1. Búferlaflutningar erlendra ríkisborgara 1990-2016. Aðfluttir umfram brottflutta. Heimild: Hagstofa Íslands.




Eftirspurn eftir vinnuafli hefur aukist verulega og er atvinnuleysi nú nálægt sögulegu lágmarki, eins og gerðist á árunum í aðdraganda hrunsins. Líkt og þá hefur uppgangur í byggingariðnaði mikið vægi, en nú bætist við langtum örari vöxtur ferðaþjónustunnar. Í kjölfarið hefur fjölgað í hópi erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Því til staðfestingar má benda á aðflutningstölur Hagstofu Íslands. Árin 2013, 2014 og 2015 fluttust

ár hvert um 4000 erlendir ríkisborgarar til landsins. Árið 2016 var þessi tala nálægt 8000, sem er met ef árið 2007 er undanskilið en þá fluttust 9300 erlendir ríkisborgarar til landsins.

Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta voru 4215 árið 2016 en hærri tölur sáust aðeins árin 2006 og 2007 (sjá mynd 1). Þessari miklu fjölgun erlendis frá hefur fylgt sprenging í umsvifum starfsmannaleiga, en talið er að um 30 slíkar starfi nú hér á landi með ríflega 1500 starfsmenn.¹

Mynd 2. Búferlaflutningar íslenskra ríkisborgara 1990-2016. Aðfluttir umfram brottflutta. Heimild: Hagstofa Íslands.



Fyrstu árin eftir bankahrunið varð verulegur landflótti meðal íslenskra ríkisborgara, alls fluttu um 17.500 manns úr landi árin 2009-2012 (sjá mynd 2). Íslendingar fluttu á brott, fjöldi þeirra umfram aðflutta var um 6400 á tímabilinu 2009-2012. Samfara þessu varð um 35% verðfall á húsnæði,² framboð varð meira en eftirspurn og nýbyggingar – og þar með byggingariðnaðurinn – hrundu. Jafnvel á leigumarkaðnum stóð leiguverð í stað um tíma. Hækkana fór þó fljótt að gæta á leigumarkaði þessi allra síðustu ár, einkum þegar áhrifa ört vaxandi útleigu til ferðamanna tók að gæta.

Eignamyndun á húsaleigumarkaði

Eftir hrunið varð einnig hröð breyting á innbyrðis hlutföllum milli eigenda og leigjenda. Sjálfseignarhlutfallið hér á landi hafði verið á bilinu 85-89% síðustu tvo áratugina fyrir hrun, en dróst svo saman í um 75% árið 2013. Þá var hlutfall fólks á leigumarkaði 75% en leigjendum hafði fjölgað mest hjá yngri aldurshópum og meðal lágtekjufólks.³

¹ „Fjöldi starfsmannaleiga hefur margfaldast“. Viðtal við Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar, 18. maí 2017, <http://www.visir.is/g/2017170518690>, sótt 2. júní 2017.

² Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu féll skv. tölum frá Þjóðskrá Íslands um 34,3% að raunvirði frá september 2007 til desember 2009. Sjá Jón Rúnar Sveinsson (2011). „Housing in Iceland in the aftermath of the global financial crisis“. Í Ray Forrest and Ngai-Ming Yip (ritstj.) *Housing Markets and the Global Financial Crisis – The Uneven Impact on Households*. London, Edward Elgar, bls 65.

³ Hagstofa Íslands (2014). *Félagsvísar – Leigjendur á almennum markaði*. Hagtíðindi 2014:4. Reykjavík.

Samhliða þessu hefur orðið hröð breyting á eignamyndum á leigumarkaði. Stærri leigusölum hefur farið fjölgandi og er langtum algengara nú en áður að leiguhúsnæði sé í eigu stærri rekstraraðila, einkum leigufélaga. Þetta er talsverð breyting frá því sem áður var þegar einstaklingar leigðu út eina eða, í einstaka tilvikum, örfáar íbúðir. Fasteignaeigendur sem misstu húsnæði sitt skiptu nokkrum þúsundum og eignaðist Íbúðalánasjóður flestar eignirnar. Þótt hluti þessara íbúða hafi verið seldur til einstaklinga, er meirihluti eignanna nú í eigu umsvifamikilla leigufélaga, m.a. leigufélagsins Kletts⁴.

Á síðustu 2-4 árum hefur húsaleiga á Íslandi hækkað verulega. Mestar hafa hækkanirnar verið á höfuðborgarsvæðinu, einkum í miðbæ Reykjavíkur og nærliggjandi íbúðahverfum. Sú mikla aukning sem orðið hefur á skammtímaleigu til erlendra ferðamanna dregur úr framboði á leiguhúsnæði og þrýstir verðinu upp á leigumarkaðnum í heild. Vaxandi aðflutningur erlends vinnuafls, svo sem lýst var hér að framan, á einnig þátt í að þrýsta húsaleiguverði á höfuðborgarsvæðinu í nýjar hæðir.

Félagslegir aðilar á leigumarkaði hafa á undanförnum árum styrkst nokkuð, bæði sveitarfélögin og leigufyrirtæki í þeirra eigu og einnig félagasamtök sem leigja út húsnæði og aðilar eins og húsnæðissamvinnufélögin Búseti og Búmenn, sem bjóða upp á millistig milli þess að eiga og leigja húsnæði. Leiguíbúðum sveitarfélaganna hefur á undanförnum árum fjölgað um 50-100 íbúðir á ári og eru nú um 5100 og er nærfellt helmingur þeirra í eigu Félagsbústaða hf, leigufyrirtækis Reykjavíkurborgar. Gangi eftir áform um aukið byggingarmagn í Reykjavík verður hafin bygging allt að 7000 íbúða í borginni fram til ársloka 2020, þar af verða vel yfir 3000 íbúðir á vegum leigu- og húsnæðisfélaga.⁵


En hvaða áhrif hefur þetta haft á byrði húsnæðiskostnaðar héraðs? Talnagögn frá Hagstofu Íslands og Eurostat (Hagstofu Evrópusambandsins) sýna skýrt að þótt hlutfallslega færri hér á landi glími nú við íþyngjandi húsnæðiskostnað⁶ (e. *housing cost overburden rate*) en á árunum fyrir hrun á það ekki við um alla tekjuhópa. Á mynd 3 kemur fram að á árinu 2015 var hlutfall fólks á Íslandi með íþyngjandi húsnæðiskostnað lægra en á árunum 2005-2006, eða um 10% borið saman við 13-14% þá.

⁴ „Íbúðalánasjóður selur 450 leiguíbúðir“. Fréttir RÚV, 23. maí 2016, <http://www.ruv.is/frett/ibudalanasiodur-selur-450-leiguibudir>. Sótt 5. júní 2017.

⁵ Sjá *Húsnæði í Reykjavík: Staða og aðgerðir*. Glæruskjal lagt fyrir Borgarráð 30. mars 2017.


⁶ Samkvæmt Hagstofu Íslands er húsnæðiskostnaður íþyngjandi ef hann nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimila að miðgildi.

Mynd 3. Hlutfall einstaklinga á Íslandi sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað árin 2005-2015. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.



Þegar íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skoðaður eftir ráðstöfunartekjum er þróunin önnur. Myndrit nr. 4 og 5 sýna niðurstöður fyrir tvo hópa: annars vegar þá sem eru undir lágtekjumörkum⁷ og hins vegar þá sem eru yfir þeim. Hlutfall lágtekjufólks (þ.e. fólks undir lágtekjumörkum) sem býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað hefur hækkað úr 43% árið 2005 í 51% árið 2015. Til samanburðar hefur tíðni íþyngjandi húsnæðiskostnaðar dregist saman í hópi þeirra sem eru yfir lágtekjumörkum, úr 9% árið 2005 í 6% árið 2015.

Mynd 4. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.




Mynd 5. Hlutfall einstaklinga yfir lágtekjumörkum sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.



Í evrópskum samanburði er hlutfall lágtekjufólks á Íslandi sem býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2015 meðal þessa hæsta sem þekktist. Á mynd 6 kemur fram að Ísland er í sjötta sæti, á eftir Grikklandi, Serbíu, Danmörku, Þýskalandi og Hollandi.

⁷ Samkvæmt Hagstofu Íslands miðast lágtekjumörk við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna.

Mynd 6. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað í 33 löndum Evrópu árið 2015. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.



Vaxandi erfiðleikar fólks við að fá leigt húsnæði á viðráðanlegum kjörum í íbúðahverfum í Reykjavík og nágrenni eru taldir hafa ýtt undir ólöglega búsetu í húsnæði ætluðu til atvinnureksturs og/eða sem geymslur eða til orlofsdvalar. Eins og nefnt var hér að framan fluttust nær 8000 erlendir ríkisborgarar til landsins árið 2016 og er augljóst að hinn hefðbundni húsnæðismarkaður er alls ófær um að taka við slíkum fjölda. Miðað við óformlegar upplýsingar frá fyrirhuguðum samstarfsaðilum RA í verkefninu um umfang ólöglegar búsetu má gera ráð fyrir að á bilinu 3000-5000 manns búi nú í slíku húsnæði. Samkvæmt gögnum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins tók að bera á ólöglegri búsetu á árunum fyrir bankahrunið. Í efnahagslæðinni um og eftir 2010 gætti þess minna, enda þrýstingur á húsnæðismarkaði lítill miðað við það sem áður var. Nú hefur vandinn hins vegar aukist verulega og er hugsanlegt að hann sé langtum umfangsmeiri nú en áður. Þó ólögleg búseta sé áhyggjuefni fyrir margra hluta sakir er þó einkum þrennt sem stendur upp úr. Í fyrsta lagi ógnar slík búseta öryggi þeirra sem þar búa. Ef eldur kemur upp í iðnaðar- eða geymsluhúsnæði er allt eins líklegt að viðbrögð slökkviliðs og lögreglu séu önnur en þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Í öðru lagi tekur þjónusta sveitarfélaga mið af íbúafjölda og búsetudreifingu þeirra. Á atvinnusvæðum er t.a.m. oft gert ráð fyrir takmarkaðri sorphirðu

og eru grunn- og leikskólar jafnvel ekki í göngufjarlægð frá heimilum. Jafnframt getur búseta á iðnaðar- eða geymslusvæði takmarkað aðgengi íbúanna að almennri heilsugæslu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfrækir hverfastöðvar sem taka mið af deiliskipulagi og hafa þeir íbúar sem eru með gilt lögheimilisfang rétt á almennri lækniþjónustu í sínu hverfi. Í þriðja lagi er hætta á því að aukin tíðni ólöglegrar búsetu skekki mynd okkar af stöðunni á húsnæðismarkaði. Ef rétt reynist að talsverður fjöldi fólks búi að staðaldri í húsnæði sem ekki er ætlað fólki, er ansi líklegt að eftirspurn eftir leiguhúsnæði sé stórlega vanmetin. Ætla má að Reykjavíkurborg muni reynast erfitt að móta – og fylgja eftir – markvissri húsnæðisstefnu ef húsnæðisþörfin er óljós.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að rannsaka umfang og eðli búsetu fólks í ólöglegu húsnæði í Reykjavík og jafnvel í nærliggjandi sveitarfélögum. Að mestu er um að ræða verkafólk af erlendum uppruna, en einnig eiga Íslendingar í hlut í einhverjum mæli, bæði fólk á jaðri samfélagsins og hugsanlega „venjulegir“ Íslendingar sem vegna sívaxandi þensluástands finna sér ekki samastað á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins. Afurðir verkefnisins verða heildstæð gagnasöfn, fundir, málþing og/eða ráðstefna á árinu 2017 og eftir það hugsanlega áframhaldandi verkefnispróun á vegum ReykjavíkurAkademiunnar.

Eðli málsins samkvæmt er Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stærsti hagsmunaaðilinn í verkefninu. Undanfarin misseri hafa sérfróðir aðilar á vegum þess unnið að því að kortleggja dreifingu ólöglegrar búsetu. Þetta er gert m.a. á þann hátt að fylgjast með því hvar ljós eru í gluggum í atvinnu- og geymsluhúsnæði að kvöldi til og hvort þar sé að finna póstkassa með nöfnum á. Spyrja má hvort eitthvað sé um börn í slíku húsnæði og hvernig leikskólavist þeirra og skólagöngu sé þá háttað. Þá má einnig spyrja um skiptingu íbúanna eftir uppruna, þ.e. hvort um er að ræða Íslendinga eða erlenda ríkisborgara. Til viðbótar við erlent verkafólk og íslenska einstaklinga og fjölskyldur í húsnæðisvanda eru einnig vísbendingar um ólöglega búsetu íslensks utangarðsfólks sem jafnvel á hvergi höfði sínu að halla og brotafólks í skipulagðri glæpastarfssemi. Slík kortlagning kemur því einnig til kasta lögreglu sem oft á tíðum hefur reglubundið eftirlit með húsakynnum sem grunur leikur á um að hýsi brotastarfsemi⁸.

Til viðbótar við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Hagstofuna eru hugsanlegir samstarfsaðilar í upplýsinga- og gagnaöflun RA þessir: Byggingarfulltrúaembættið í Reykjavík, Vinnumálastofnun, Alþýðusamband Íslands, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Orkuveitan og Íslandspóstur.

Einnig er nauðsynlegt að skoða efni erlendis frá, m.a. niðurstöður rannsókna á búsetu í evrópskum og norrænum borgum. Einnig mætti finna sambærilegt efni í fræðatímaritum eins og *Urban Studies, International Journal of Urban and Regional Research, Housing*

⁸ Þessar upplýsingar komu m.a. fram á fundum með Hagstofu og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Studies, Housing, Theory and Society, European Journal of Housing Research og fræðatímarit um vinnumarkaðsrannsóknir. Rit Mike Davis, *Planet of Slums*, og greinar hans í *New Left Review* eru einnig áhugaverðar, sem og efni eftir franska félagsfræðinginn Loïc Wacquant (nemanda Pierre Bourdieus) en hann hefur skrifað fjölmargt sem snertir málefni hinnar vaxandi alþjóðlegu undirstéttar.

Leiðandi framkvæmdaraðilar verksins eru Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur, sem stefnt er að því að verði ráðinn sem verkefnisstjóri verkefnisins, og Svandís Nína Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar. Einnig er gert ráð fyrir að ráða háskólanema í meistara- eða doktorsnámi í gagnaöflun.

Tengslahópur verður einnig byggður upp með aðilum frá helstu hagsmunaaðilum verkefnisins, þá sérstaklega Slökkviliðinu og Hagstofunni.

Framvinda verksins yrði sú að sumarið 2017 væri kannað hvaða gögn, upplýsingar og heimildir eru tiltækar og þessu komið á skipulegt og aðgengilegt form. Með haustinu, t.d. í september, er lagt til að halda opinn kynningarfund/vinnufund um verkefnið og kynna efni þess í fjölmiðlum. Í kjölfarið yrði unnið að málþingi/ráðstefnu um niðurstöður og vörður í verkefninu seint í október eða byrjun nóvember. Stefnt er að eins dags viðburði og að fenginn yrði erlendur fyrirlesari með mikla reynslu af sambærilegu verkefni erlendis. Hagsmunaaðilar í verkefninu myndu kynna sínar niðurstöður og í kjölfarið yrði unnið að stefnumótandi tillögum fyrir Reykjavíkurborg.

Kostnaður við verkið

Gert er ráð fyrir að langstærstur hluti kostnaðarins verði launakostnaður og útgjöld vegna málþingsins/ráðstefnunnar. Gert er ráð fyrir 4 ¼ mannmánuði í verkefninu á árinu 2017. Þar af fara 2 ½ mannmánuður í gagnaöflun og úrvinnslu og 1 ¾ mannmánuður í undirbúning málþings/ráðstefnu, umsjón með samstarfsfundum og gerð stefnumótandi tillagna fyrir Reykjavíkurborg (sjá töflu 1). Áætlað er að vinnulaun mun nema rúmum 2,4 m.kr. á árinu og að útgjöld vegna ráðstefnunnar muni nema um 814 þ.kr., (sjá sundurliðun á útgjöldum vegna ráðstefnu í töflu 2). Alls mun kostnaður verksins nema rétt rúmum þremur milljónum króna, sjá sundurliðun kostnaðar í töflunum hér fyrir neðan. ReykjavíkurAkademían mun leggja til húsnæði og vinnuaðstöðu, m.a. fyrir verkefnisstjóra og háskólanema í Stúdentastofu RA. Jafnframt mun RA leggja fram ¾ mannmánuð af vinnu framkvæmdastjóra við gagnaöflun og úrvinnslu og undirbúning ráðstefnu, alls um 532 þúsund krónur með launatengdum gjöldum. Undanfarin ár hefur RA séð um prófarkalestur og þýðingar fyrir Reykjavíkurborg. Árið 2016 voru greidd vinnulaun vegna verkefnanna upp á rétt tæpar 300 þús.kr. Tvö slík verkefni hafa átt sér stað árið 2017, að fjárhæð 57, 450 kr., og er gert ráð fyrir þeim í kostnaðaráætluninni. Alls er áætlað að heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna þjónustusamnings við RA ses, að frádregnu framlagi RA, muni nema rétt rúmum 2,8 m.kr. á árinu.

Tafla 1. Vinnulaun í verkefninu 2017. *Upphæðir eru í þúsundum króna.*

Vinnulaun í verkefninu		
Verkþættir	Fjöldi mannmánuða	Launakostnaður
Gagnaöflun og úrvinnsla	3	1.577
Undirbúningur málþings/ráðstefnu	0,75	394
Skipulagning samstarfsfunda	0,5	263
Gerð stefnumótandi tillagna fyrir RVK	0,5	263
Alls	4,75	2.497

Tafla 2. Áætluð útgjöld vegna ráðstefnu/málþings. *Upphæðir eru í þúsundum króna.*

Málþing/ráðstefna	
Verkþættir	Kostnaður
Erlendur fyrirlesari	210
Leiga á sal með hljóðbúnaði	90
Hljóðupptökur	140
Auglýsinga- og markaðskostnaður	50
Kaffi í hléi	84
Léttur hádegisverður	240
Alls kostnaður	814

Tafla 3. Áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna þjónustusamnings við RA ses, (til viðbótar við prófarkalestur og þýðingar) að frádregnu framlagi RA ses. *Upphæðir eru í þúsundum króna.*

Verkþættir	Fjöldi mannmánuða	Kostnaður
Vinnulaun í búsetuverkefni:		
Gagnaöflun og úrvinnsla	3	1.577
Undirbúningur málþings/ráðstefnu	0,75	394
Skipulagning samstarfsfunda	0,5	263
Vinnuaðstaða háskólanema/aðstoðarfólks	-	82
Gerð stefnumótandi tillagna fyrir RVK	0,5	263
Alls mannmánuðir og vinnulaun v/ búsetuverkefnis:	4,75	2.579
Annar kostn. vegna málþings/ráðstefnu	-	814
Prófarkalestur og þýðingar fyrir Reykjavíkurborg	-	57
Alls annar kostn. , prófarkalestur og þýðingar	-	871
Heildarkostnaður við þjónustu RA ses		3.450
Framlag RA ses: vinnuaðstaða		82
Framlag RA ses: vinnulaun		530
Heildarframlag RA ses		612
Heildarkostnaður að frádregnu framlagi RA ses		2.839

ReykjavíkúAkademían mun jafnframt leitast við að afla fjárstuðnings frá öðrum aðilum til að fjármagna verkið. RA hefur tvívegis staðið fyrir atburðum sem tengjast húsnæðismálum, Héðinsþingi árið 2009, þar sem fjallað var um fyrrverandi félagslega eignaríbúðakerfið í tilefni 80 ára afmælis fyrstu laganna um verkamannabústaði, og einnig stóð RA fyrir ráðstefnu um leigumarkaðinn vorið 2014. Í báðum tilvikum fékkst fjárhagslegur stuðningur frá ýmsum aðilum sem starfa á sviði húsnæðismála, svo sem Íbúðalánasjóði, félagsmálaráðuneyti/velferðarráðuneyti, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, ASÍ, Eflingu,

Félagsbústöðum hf, Búseta, Búmönnum og mörgum af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar þetta er skrifað á RA í viðræðum við þessa aðila um hugsanlegan fjárstuðning til verksins.

Eftirfylgd málþingsins/ráðstefnunnar væri birting efnis frá henni, svo sem lýst var hér að framan. Einnig gætu sjálfstæð skrif greinaskrif fræðimanna fylgt á eftir til birtingar í fræðatímaritum. Einnig myndi rannsóknarefnið geta verið grundvöllur námsritgerða nema á háskólastigi.

Virðingarfyllt,

Svandís Nína Jónsdóttir, framkvæmdastjóri RA ses

Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur